

FUNDARBOÐ

226. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn í Hjálmakletti, fimmtudaginn 12. maí 2022 og hefst kl. 15:00

Fyrir sveitarstjórnarfund kom í ljós að Sigrún Sjöfn Ámundadóttir, sveitarstjórnarmaður hefur flutt lögheimili sitt úr sveitarfélaginu og með því misst kjörgengi sitt í sveitarfélaginu og skal því víkja úr sveitarstjórn. Samkvæmt 4. mgr. 31. gr. sveitarstjórnarlaga skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórn frá og með næsta fundi. Varamaður er því skipaður í stað Sigrúnar, og er Orri Jónsson því skipaður aðalmaður í sveitarstjórn á þessum fundi.

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra.

2. 2202014 - Ungmennaráð kemur til sveitarstjórnarfundar

Til sveitarstjórnarfundar koma nefndarmenn í ungmennaráði til fundar við sveitarstjórn.

3. 2205060 - Lán frá Lánasjóði sveitarfélaga 2022

Í fjárhagsáætlun ársins 2022 er gert ráð fyrir að Borgarbyggð taki 800 millj. kr. í langtímalán til að mæta fjárfestingum ársins. Leitað hefur verið til Lánasjóðs sveitarfélaga eftir láni og er hér lagt til að nú verði teknar 300 millj. að láni til 17 ára. Lánið er með jöfnum afborgunum, verðtryggt og með 1% vöxtum. Frekari lántökur bíða þar til séð verður hver framvinda framkvæmda ársins verður.

4. 2203010 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2022

Lögð fram tillaga að viðauka II við fjárhagsáætlun 2022. Í viðaukanum er gert ráð fyrir 11 milljóna aukningu til framkvæmda við Grunnskólann í Borgarnesi en á móti er lækkaður framkvæmdakostnaður við gangstéttar í Borgarnesi.

Þessi breyting hefur engin áhrif á rekstraráætlun ársins eða sjóðstreymisáætlun.

5. 2012005 - Innkaupareglur Borgarbyggðar

Afgreiðsla 594. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: "Byggðarráð samþykkir framlagðar innkaupareglur fyrir Borgarbyggð og vísar þeim til staðfestingar sveitarstjórnar."

6. 2103083 - Losunarbókhald og loftslagsstefna

Afgreiðsla 33. fundar umhverfis- og landbúnaðarnefndar: "Umhverfis- og landbúnaðarnefnd samþykkir loftslagsstefnu og aðgerðaáætlun Borgarbyggðar fyrir sitt

leyti, og vísar þeirri ákvörðun til sveitarstjórnar til staðfestingar."

7. 2001118 - Ljósleiðari í Borgarbyggð - framkvæmdir

Afgreiðsla 595. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: Byggðarráð samþykkir að ganga til samninga á þeim grundvelli sem lagður hefur verið fram í drögum að samkomulagi og felur sveitarstjóra að ljúka sanningsgerð á þessum grundvelli.

Framlagður er samningur við Heflun ehf. og SH leiðarann ehf. vegna verksins Ljósleiðari Borgarbyggðar, dags. 6. maí 2022.

8. 2203250 - Starfshópur um kjör og starfsskilyrði sveitarstjórnarmanna

Afgreiðsla 596. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: Byggðarráð felur sveitarstjórn að skipa starfshópin í samræmi við 47. gr. samþykktu um stjórn Borgarbyggðar, samþykkja framlagt erindisbréf og skipa Halldóru Lóu Þorvaldsdóttur, Magnús Smára Snorrason og Orra Jónsson í starfshópin. Starfshópurinn skal skila tillögum til afgreiðslu á sveitarstjórnarfundi.

9. 2205015 - Umsagnar leitað vegna nýs lyfsöluleyfis

Afgreiðsla 596. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar:

Íbúar Borgarbyggðar eru tæplega 3900 talsins, mikil dulin búseta er jafnframt, sérstaklega um helgar og á sumrin, vegna fjölda sumarhúsa á þjónustusvæði Borgarbyggðar. Enn fremur liggur Borgarnes við fjölfarinn þjóðveg stutt frá höfuðborgarsvæðinu. Ein lyfjabúð er í Borgarbyggð og er stutt á milli hennar og staðsetningar áætlaðrar lyfjabúðar. Byggðarráð leggst ekki gegn veitingu leyfis Lyfjastofnunar til umsækjanda um nýtt lyfsöluleyfi.

10. 2203134 - Tilboð í landskika að Búrfelli

Afgreiðsla 596. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar:

Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagt tilboð Sólva Mús Hjaltasonar á 50% hlut Borgarbyggðar í landinu Búrfell Fjallendi í Hálsasveit, 311 Borgarbyggð, landið er í óskiptri sameign. Nákvæm landstærð liggur ekki fyrir en er talin vera 2.411 hektarar skv. stofnskjali er landið hins vegar mælt í fasteignaskrá sem rúmir 2.627 hektarar. Tilboðsgjafi er meðvitaður um framangreint.

11. 2110178 - Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar-lóðir, spildur og jarðarpartar

Afgreiðsla 38. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja ofangreinda lýsingu til auglýsingar, Breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 Landbúnaðarkafli-skilmálabreytingar dags. apríl 2022. Málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

12. 2003217 - Dílatangi í Borgarnesi, tillaga að deiliskipulagi

Afgreiðsla 38. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja tillögu til auglýsingar fyrir Dílatanga. Málsmeðferð verður í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

13. 1912083 - Samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Bjargslandi

Afgreiðsla 38. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bjargsland II, svæði 1, Borgarnesi frá árinu 2006 m.s.br. til auglýsingar. Lagður er fram uppdráttur dags. 12. apríl 2022. Málsmeðferð verður samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

14. 1409019 - Seláshverfi í landi Ánabrekku, deiliskipulagsbreyting

Afgreiðsla 38. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu samkvæmt 42. gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim breytingum sem gerðar voru með tilliti til umsagna og athugasemda sem bárust á kynningartíma en breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum."

15. 2108070 - Hótel Varmaland fyrirhuguð uppbygging

Afgreiðsla 38. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi íbúabyggðar að Varmalandi m.s.br. til auglýsingar að teknu tilliti til athugasemda skipulagsfulltrúa. Lagður er fram uppdráttur dags. 2. maí 2022. Málsmeðferð verður samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

16. 2203252 - Miðháls 24 L187565 - Breyting á deiliskipulagi

Afgreiðsla 38. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynnt verði óveruleg breyting á deiliskipulagi í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir landeigendum Ánabrekku og lóðarhöfum við Miðháls 19, 21 og 26."

17. 2202011 - Skógarvegur 3 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla 38. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna byggingarleyfið fyrir nágrönnum og hagsmunaaðilum í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynnt verði fyrir landeigendum Galtarholts 1 1191458 og lóðareigendum Skógarvegar 1, 4, 5, 6, 8, 10 og 12."

18. 2203023 - Ferjubakki 2 135030 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla 38. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna byggingarleyfið fyrir nágrönnum og hagsmunaaðilum í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynnt verði fyrir landeigendum Ferjubakka 1 Trana, Ferjubakka 2 Miðbæ, Ferjubakka 3, Ferjubakka 3 Efstabæ, Ferjukoti 3 og Miðbæ 2."

19. 2111189 - Mávaklettur 16 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla 38. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að fela byggingarfulltrúa að samþykkja byggingaráform þar sem grenndarkynning hefur farið fram skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

20. 2204140 - Kjartansgata 7 L135691 - Grenndarkynning framkvæmdar

Afgreiðsla 38. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja að fela skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi vegna nýs bílastæðis fyrir framan hús við Kjartansgötu 7, malbikun/steypu á stæði og núverandi innkeyrslu auk niðurtektar á gagnstéttarkanti að undangenginni grenndarkynningu skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum Kjartansgötu 4, 5, 6 og 11."

21. 2203136 - Kiðárbotnar 10 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla 38. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna fyrirhugað byggingarleyfi fyrir nágrönnum og hagsmunaaðilum í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynnt verði fyrir landeiganda Húsafells III og lóðarhöfum Kiðárbotna 6, 14, 16, 18 og 28."

22. 2204003 - Laugaland 134894 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla 38. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna fyrirhugað byggingarleyfið fyrir nágrönnum og hagsmunaaðilum í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynnt verði fyrir eigendum Hótel Varmalands, landeigendum Laugalandi 2, Valsholti, Furuhlíð 2 og 4, Grenihlíð 1, 3 og 5 og Arnarholtslandi."

23. 1903005 - Sólbakki athafnarsvæði, breyting á Deiliskipulagi

Afgreiðsla 38. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynnt verði óveruleg breyting á deiliskipulagi í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir eigendum og lóðarhöfum á Sólbakka 25, 27 og 28."

24. 1812123 - Litlu-Tunguskógur - nýtt deiliskipulagi

Afgreiðsla 39. fundar skipulags- og byggingarnefndar: Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Fristundabyggð í landi Húsafells III til auglýsingar. Lagður var fram uppdráttur dags. 6.5.2022. Aðalskipulagsbreyting er gerð samhliða. Málsmeðferð verður samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

25. 2103130 - Litlu-Tunguskógur L219075 - Húsafell - BR.ASK - DSK - Landnotkun

Afgreiðsla 39. fundar skipulags- og byggingarnefndar: Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi breytingu á landnotkun 30 ha svæðis í landi Húsafells III og samþykki til auglýsingar fyrirbyggjandi tillögu að breyttu aðalskipulagi sveitarfélagsins í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar.

26. 2101082 - Skólastefna 2021-2025

Afgreiðsla 209. fundar fræðslunefndar Borgarbyggðar: "Ingvar Sigurgeirsson fór yfir framkomnar ábendingar um skólastefnu Borgarbyggðar. Fræðslunefnd samþykkir þær breytingar sem fram eru komnar. Stefnan verður nú send í prófarkarlestur og umbrot í kjölfar þess að sveitarstjórn fjallar um stefnuna. Fræðslunefnd samþykkir tillögu að skólastefnu fyrir sitt leiti og vísar til sveitarstjórnar. Þá er lagt til að ný fræðslunefnd og ný sveitarstjórn fá hana til umfjöllunar og setji upp áætlun um innleiðingu. Minnisblaðið í lok stefnunnar verður tekið saman í aðgerðaráætlun sem að ný fræðslunefnd mun móta

næsta haust. Fræðslunefnd leggur til að komið verði á skólapingi á næsta skólari til þess að halda umræðu um skólustefnuna lifandi eins og lagt er fram í nýju skólustefnunni. Fræðslunefnd vill koma á framfæri þökkum til allra sem komu að gerð stefnunnar og er stolt af vinnunni sem fram hefur farið og niðurstöðunum. Drög að minnisblaði um tillögur um skipan skólamála var tekið til umræðu. Þessar tillögur þarf að vinna betur áfram með fræðslunefnd. Það þarf að kostnaðarmeta tillögurnar, sérstaklega ástand fasteigna og þær lagfæringar sem þarf að fara í á þeim á næstu 10 til 20 árum. Æskilegt er að ný fræðslunefnd haldi áfram með þessar tillögur sem geti verið grunnur að heildstærðri stefnu fyrir Borgarbyggð í skólamálum."

Fundargerðir til staðfestingar

27. 2204012F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 595

- 27.1 2201086 - Framtíðarskipan Safnahús Borgarfjarðar
- 27.2 2201118 - Útboð á skólaakstri 2022
- 27.3 2004072 - Lækkun gjaldskrár Orkuveitu Reykjavíkur
- 27.4 2001118 - Ljósleiðari í Borgarbyggð - framkvæmdir
- 27.5 2103044 - Stjórnsláttur í Borgarbyggð - tilkynning um kvörtun
- 27.6 2202108 - Framtíðaríbúðabyggð í Borgarnesi - Borgarvogur
- 27.7 2202171 - Áningarstaður á Merkjahrygg á Bröttubrekku
- 27.8 2203173 - Eignasjóður Grunnskólinn Borgarnesi
- 27.9 2203192 - Eignasjóður Slökkvistöð Sólbakka 13-15
- 27.10 2204075 - Grímshús Brákarbraut 27C
- 27.11 2204081 - Umsókn um lóð - Sólbakki 30
- 27.12 2108010 - Tilkynning um kæru IKAN ehf. - ÚNU21080001
- 27.13 2204103 - 100. Sambandsþing UMSB 2022
- 27.14 2204068 - Tillaga að breyttum sameignarfélagssamningi Faxaflóahafna til umræðu og samþykktar
- 27.15 2204039 - Ársfundur Brákarhlíðar 2022
- 27.16 2204076 - Aðalfundur 2.maí 2026
- 27.17 2204069 - Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2022
- 27.18 2204099 - Aðalfundur Veidifélags Norðurár 2. maí 2022
- 27.19 2204001F - Byggingarnefnd íþróttamannvirkja í Borgarnesi - 1
- 27.20 2203015F - Byggingarnefnd viðbyggingar við Gbf. á Kleppjárnsreykjum - 1

28. 2204021F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 596

- 28.1 2203010 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2022
- 28.2 2203250 - Starfshópur um kjör og starfsskilyrði sveitarstjórnarmanna
- 28.3 2204107 - Færanlegar kennslustofur fyrir Grunnskóla Borgarfjarðar - vor 2022
- 28.4 2101082 - Skólustefna 2021-2025
- 28.5 2204159 - Forstöðumaður menningarmála
- 28.6 2205015 - Umsagnar leitað vegna nýs lyfsöluleyfis
- 28.7 2203044 - Fundur með landeigendum ofl. vegna Ystutungugirðingar
- 28.8 2111060 - Útboð vegna reksturs og hýsingu tölvukerfis Borgarbyggðar

- 28.9 2203011 - Flóttafólk frá Úkraínu
- 28.10 2203134 - Tilboð í landskika að Búrfelli
- 28.11 2201102 - Hönnunarstaðall
- 28.12 2203169 - Nýsköpunar- og þróunarsetur Vesturlands, boð um stofnaðild
- 28.13 2205007 - Viljayfirlýsing um Grundartanga sem grænan hringrásargarð
- 28.14 2201097 - Umsagnarmál f. Alþingi 2022
- 28.15 2201097 - Umsagnarmál f. Alþingi 2022
- 28.16 2201097 - Umsagnarmál f. Alþingi 2022
- 28.17 2201097 - Umsagnarmál f. Alþingi 2022
- 28.18 2204154 - Aðalfundur Veidifélagsins Hvítá fimmtudag 12. maí 2022

29. 2204015F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 208

- 29.1 2101082 - Skólastefna 2021-2025
- 29.2 2204110 - Kynning á sumarfjöri og vinnuskóla - vor 2022
- 29.3 2204147 - Erindi frá hreppsnefnd Skorradalshrepps - árskort í sund

30. 2205004F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 209

- 30.1 2101082 - Skólastefna 2021-2025
- 30.2 2201119 - Skóladagatöl leik, grunn og tónlistaskóla 20022-2023
- 30.3 2201132 - Læsisstefna 2022-2027
- 30.4 2205025 - Verklagsreglur vegna undirmönnunar í leikskólum Borgarbyggðar
- 30.5 2204110 - Kynning á sumarfjöri og vinnuskóla - vor 2022

31. 2204017F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 38

- 31.1 2005037 - Húsafell, tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022_ verslunar- og þjónustusvæði.
- 31.2 2110178 - Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar-lóðir, spildur og jarðarpartar
- 31.3 2003217 - Dílatangi í Borgarnesi, tillaga að deiliskipulagi
- 31.4 1912083 - Samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnaðis í Bjargslandi
- 31.5 1409019 - Seláshverfi í landi Ánabrekku, deiliskipulagsbreyting
- 31.6 2108070 - Hótel Varmaland fyrirhuguð uppbygging
- 31.7 2203252 - Miðháls 24 L187565 - Breyting á deiliskipulagi
- 31.8 2202011 - Skógarvegur 3 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 31.9 2203023 - Ferjubakki 2 135030 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 31.10 2111189 - Mávaklettur 16 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 31.11 2204140 - Kjartansgata 7 L135691 - Grenndarkynning framkvæmdar
- 31.12 2203136 - Kiðárbotnar 10 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 31.13 2204003 - Laugaland 134894 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 31.14 2204165 - Drumbar 2 - L229875 - Heimreið - tenging við þjóðveg
- 31.15 1903005 - Sólbakki athafnarsvæði, breyting á Deiliskipulagi

31.16 2205003 - Stekkjarholt 2 L191136 - Bílaplan - Stekkjarholt 4

32. 2205002F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 39

- 32.1 2103130 - Litlu-Tunguskógur L219075 - Húsafell - BR.ASK - DSK - Landnotkun
- 32.2 1812123 - Litlu-Tunguskógur - nýtt deiliskipulagi
- 32.3 2205001 - Brúartorg L176491 - Olís - Eldsneytisgeymir neðanjarðar
- 32.4 2204163 - Kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins í eldri skipulagsmálum
- 32.5 2204005F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 192
- 32.6 2205003F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 193

33. 2204020F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 126

- 33.2 2204168 - Heilbrigðisþjónusta í Borgarbyggð
- 33.3 1409191 - Nýbúaráð
- 33.4 1912081 - Aldan framtíðarsýn - starfshópur
- 33.5 2203267 - Könnun móttaka flóttafólks

34. 2203018F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 33

- 34.1 2202155 - Beiðni um umsögn vegna skeldýraræktunar
- 34.2 2203170 - Skógur í Varmalandi - Erindi frá Hollvinafélagi Varmalands
- 34.3 2204042 - Styrkir til eflingar hringrásarhagkerfis 2022
- 34.4 2204043 - Hreinsunaráttök 2022
- 34.5 2204116 - Viðbrögð við hugsanlegri fuglaflensu
- 34.6 2204084 - Umsókn um grænt svæði í fóstur
- 34.7 2103083 - Losunarbókhald og loftslagsstefna
- 34.8 2203104 - Vöktun Bjarnhólar 2021
- 34.9 2205018 - Deild umhverfis og framkvæmda skýrsla apríl 2022

35. 2205006F - Atvinnu - markaðs - og menningarmálanefnd - 35

- 35.1 2112089 - Skýrsla samskiptastjóra
- 35.2 1705198 - Upplýsinga- og lýðræðisstefna
- 35.3 2204089 - Umsókn um samstarfssamninga vegna hátíða - Brákarhátíð 2022
- 35.4 2201102 - Hönnunarstaðall
- 35.5 2202196 - Markaðsmál 2022
- 35.6 2205026 - Samstarfsbeiðni frá K100
- 35.7 2205028 - Heimasíða Borgarbyggðar

11.05.2022

Pórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri.